

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

Deiliskipulagsbreyting, Fellskot, L167087, breyting á byggingarreitum og byggingargerð.

Um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi sem tekur til Fellskots, L167087. Í breytingunni felst meðal annars að 1.600 fm lóð undir reiðhöll er felld út og þess í stað skilgreindur byggingarreitur fyrir reiðhöll, þannig að hún geti verið sambyggð útihúsum sem þegar hafa verið reist á svæðinu.

Samþykkt í sveitarstjórn 20. maí 2026.

Deiliskipulagsbreyting, Hrísholt 3-3a, L189917, leiðréttar lóðastærðir.

Um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi sem tekur til Hrísholts 3, L189917. Staðfangi fyrir lóðina Hrísholt 3 er breytt í Hrísholt 3-3a. Stærð lóðar er leiðrétt á deiliskipulagsupprætti til samræmis við stærð í merkjalýsingu.

Samþykkt í sveitarstjórn 20. maí 2026.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 4. júní 2026.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,
Sigríður Kristjánsdóttir.

B deild - Útgáfudagur: 19. júní 2026